



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 9. október 2015

Niðurstaða athugunar um ákvörðun iðgjalda eigna- og ábyrgðartrygginga

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á ákvörðun iðgjalda eigna- og ábyrgðartrygginga hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Verði tryggingum hf. í lok árs 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verðlagning skaðatryggingafélaganna fjögurra á eigna- og ábyrgðartryggingum væri í samræmi við 65. gr. laga nr. 56/2010, um vátryggingastarfsemi, en þar segir að iðgjöld vátrygginga sem í boði eru hér á landi skuli vera í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingunum felst og eðlilegan rekstrarkostnað, en Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að áhættumat í tengslum við ákvörðun iðgjalda sé markvisst og öflugt. Athugunin beindist að útboðum opinberra aðila ásamt tilboðum til stærstu viðskiptavina hvers félags. Verkferlar félaganna voru skoðaðir, ásamt verð- og afsláttarstefnum. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í ágúst 2015 að undangengnum samskiptum við hlutaðeigandi vátryggingafélag hverju sinni.

Að mati Fjármálaeftirlitsins voru iðgjaldaákvörðanir vátryggingafélaganna almennt í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingunum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Tryggingamiðstöðinni hf. og Verði tryggingum hf. var þó bent á að verkferlar væru ekki nægilega ítarlegir og því var beint til allra félaganna að skýra þyrfti afsláttarreglur og þannig tryggja að iðgjöld væru ávallt í samræmi við áhættu vegna vátrygginganna og eðlilegan rekstrarkostnað. Þá var bent á mikilvægi þess að stórir vátryggingarsamningar og áhættur tengdar þeim væru kynnt reglulega fyrir stjórn félaganna, þannig að stjórn væri unnt að hafa aukið eftirlit með að áhættutaka félagsins í vátryggingum væri í samræmi við áhættuvilja stjórnar og að viðunandi yfirsýn yfir vátryggingaáhættu félagsins væri tryggð.